

Fljótsdalshérað

INNVIÐAGREINING 2018





Inngangur

Innviðagreining sú er hér fer á eftir er unnin á grundvelli verkefnasamnings á milli Fljótshádalshéraðs, Hitaveitu Egilsstaða og Fella og Austurbrúar ses. sem undirritaður var 17. maí 2017.

Greining þessi nær yfir skilgreiningu svæðisins, skipulag og landnotkun, orkumál, umhverfisþætti, samgöngur og flutninga, vinnumarkað, íbúðarþróun og þjónustu m.m.

Þannig er leitast við að koma á framfæri upplýsingum er gagnast geta bæði núverandi og framtíðar íbúum svæðisins sem og fyrirtækjum og stofnunum er leita vænlegrar staðsetningar til framtíðaruppbyggingar og þróunar.

Það er mat okkar sem að þessu verkefni höfum komið að vel hafi til tekist og afurðin gefi greinargóða mynd af því sem sveitarfélagið Fljótshádalshérað hefur upp á að bjóða, í dag og til framtíðar. Innviðir þessa landstóra sveitarfélags séu sterkir og að það sé góður kostur til búsetu og atvinnuuppbyggingar. Við tökum vel á móti öllum og erum tilbúin að aðstoða alla þá sem leita eftir frekari upplýsingum um sveitarfélagið, vilja ræða tækifæri til að hefja hér atvinnurekstur eða hafa áform um að setjast að í okkar fallega sveitarfélagi.

Við gerum okkur einnig grein fyrir því að innviðagreining sem þessi mun þurfa að vera lifandi gagn eigi hún að skila tilætluðum árangri og verður því lögð á það áhersla að undirgögnum sem vísað er til verði viðhaldið með reglubundnum hætti.

Þeim starfsmönnum, Austurbrúar, Fljótshádalshéraðs og Hitaveitu Egilsstaða og Fella sem lögðu hér gjörva hönd á plóg er þakkað þeirra framlag.

*Björn Ingimarsson
Bæjarstjóri Fljótshádalshéraðs*

UM SKÝRSLUNA

Fljótshádalshérað innviðagreining 2018 er afurð greiningar sem framkvæmd var af Austurbrú ses fyrir hönd Fljótshádalshéraðs.

VERKEFNASTJÓRI

Jón Steinar Garðarsson Mýrdal

HÖFUNDAR

Jón Steinar Garðarsson Mýrdal
Tinna Halldórsdóttir
Guðrún Á. Jónsdóttir
Jón Knútur Ásmundsson

ÞÝÐING OG PRÓFARKALESTUR

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Sigrún Víglundsóttir

UMBROT OG HÖNNUN

Daniel Byström

FORSÍÐA

Vatnsskarð
Mynd Rhombie Sandoval

ÚTGEFANDI

Fljótshádalshérað
www.fljotsdalsherad.is
fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is
(+354) 4700 700

Egilsstaðir 2018

Efnisyfirlit

AUSTURLAND	5
FLJÓTS DALSHÉRAÐ	6
EGILSSTAÐIR	7
FRAMKVÆMDIR	8
ADALSKIPULAG	9
IDNADAR SVÆÐI	11
VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	12
ÍBÚÐASVÆÐI	13
MIDBÆR EGILSSTAÐA	14
MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	15
ADGANGUR AÐ BYGGINGAREFNUM	15
VEITUR	16
RAFORKUFRAMLEIÐSLA	17
RAFORKUFLUTNINGUR	18
HITAVEITA	19
VATNSVEITA	19
SOPRHIRÐA	19
FRÁVEITA	19
INTERNET ADGANGUR	20
UMHVERFI	22
VEÐURFAR	22
NÁTTÚRUVÁ	23
LANDSLAG OG JARÐFRÆÐI	24
LÍFRÍKI	26

SAMGÖNGUR	28
FLUG	29
SKIPAFLOTNINGAR	31
VEGASAMGÖNGUR	32
ALMENNINGSSAMGÖNGUR	32
VINNUMARKAÐUR	34
MANNAUÐUR	35
ÞJÓNUSTA	36
SVEITARFÉLAGIÐ FLJÓTS DALSHÉRAÐ	36
MENNTUN	36
HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA	36
ÍÞRÓTTIR OG AFÞREYING	38
LÖGGÆSLA OG ALMANNAVARNIR	38
OPINBERAR STOFNANIR	38
EINKAREKIN ÞJÓNUSTA	39
SAMKEPPNISHÆFNI	40
SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS	41
SAMKEPPNISHÆFNI FLJÓTS DALSHÉRAÐS	41
TÆKIFÆRI Á FLJÓTS DALSHÉRAÐI	42
MATVÆLAFRAMLEIÐSLA	43
ÞJÓNUSTU IDNAÐUR	44
FERÐAÞJÓNUSTA	45
UMHVERFISÞÆTTIR	46



Austurland

Á AUSTURLANDI ERU FAGRIR FIRÐIR, GRÖNIR DALIR OG HÁLENDI. Ibúar Austurlands eru 10.300 og því er svæðið að mestu dreifbýlt. Flestir íbúarnir búa þó í ákveðnum kjarna þéttbýlisstaða miðsvæðis á Austurlandi. Þrátt fyrir fámennið á Austurlandi er viðskiptalífið í blóma með mörg stöndug fyrirtæki, gróskumikið sköpunarsamfélag og öfluga innviði.

Á undanförunum árum hefur Austurland orðið líflegur viðkomustaður ferðamanna í leit að ósnortinni náttúru, ósvikinni upplifun og sköpunarkrafti.

Á Austurlandi er rík hefð fyrir matvælaframleiðslu. Þar er einnig stærsta verksmiðja

landsins, sem og virkjun, sem hefur skilað svæðinu fjölda fólks með mikla tækniþekkingu.

Þessi innviðagreining tekur til sveitarfélagsins Fljótshálsgröf sem nær yfir stærstan hluta láglandis og hálandis Austurlands. Tilgangur þessa skjals er að gefa yfirlit yfir þjónustu, innviði, náttúru og mannauð í sveitarfélaginu með sérstaka áherslu á atvinnugreinar þar sem rými er fyrir aukna fjárfestingu og nýsköpun




Fljótsdalshérað

FLJÓTSDALSHÉRAÐ, ER STÆRSTA sveitarfélag Íslands að flatarmáli (8.884 km²) og þar búa 3.500 manns (2017). Sveitarfélagið var stofnað árið 2004 með sameiningu Norður-Héraðs, Austur-Héraðs og Fellahrepps. Það þekur stóran hluta Mið-Austurlands, frá svörtum söndum Héraðsflóa [1] í norðri að Vatnajökli [2] og Kverkfjöllum [3] í suðri.

Landslag sveitarfélagsins er fjölbreytt. Snæfell (1833 m) [4] er hæsta fjall Íslands utan jökla og gnæfir yfir Vatnajökulsþjóðgarð og hálendið. Eyðilegt öræfalandslag umlykur Möðrudal. Langir og ávalir dalir Héraðsins, Jökuldalur [6] Fljótsdalur [7] og Skriðdalur [8] eru þekktir fyrir frjósamt ræktarland og veðursæld sem er studd af skjóli frá sistækkandi skóglendi. Lagarfljót myndar 35 kílómetra langt stöðuvatn út frá Fljótsdal og á bökkum þess stendur Hallormsstaðaskógur, stærsta skóglendi Íslands.

FLESTIR ÍBÚAR SVEITARFÉLAGSINS búa á Egilsstöðum og í Fellabæ sem standa sinn við hvorn enda Lagarfljótsbrúarinnar. Aðrir íbúar búa í sveitum á svæðinu og í smærri byggðakjörnum á Hallormsstað, Eiðum og Brúarási.

- 1 HÉRAÐSFLÓI
- 2 VATNAJÖKULL
- 3 KVERKFJÖLL
- 4 SNÆFELL
- 5 MÖDRUDALUR
- 6 JÖKULDALUR
- 7 FLJÓTSDALUR
- 8 SKRIÐDALUR
- 9 LAGARFLJÓT
- 10 HALLORMSSTAÐASKÓGUR





Egilsstaðir & Fellabær

Egilsstaðir

Egilsstaðir eru í dag helsti þjónustukjarni Austurlands. Bærinn fékk kaupstaðarréttindi árið 1947 og er eitt yngsta þéttbýli Íslands og einn fárra bæja á landinu sem ekki stendur við sjó. Sagan segir að þegar Jón Bergsson var spurður um hvers vegna hann hafi valið sér jörðina Egilsstaði til búsetu seint á 19. öld, hafi hann sagt: „Hér verða vegamót“. Þetta var nokkru áður en fyrstu vegirnir voru byggðir á svæðinu, en Jón byggði gistihús á Egilsstöðum og tók síðar þátt í stofnun Kaupfélags Héraðsbúa. Þannig má segja að hann hafi átt stóran þátt í að koma Egilsstöðum á kortið sem áningarstað fyrir ferðamenn og miðstöð verslunar á svæðinu.

Alþingi samþykkti lög um stofnun Egilsstaðakauptúns árið 1947 en þá voru íbúar þorpsins 110. Íbúum bæjarins hefur fjölgað æ síðan og snemma á áttunda áratugnum fór


Fellabær að myndast hinum megin Lagarfljótsbrúar. Í dag nálgast íbúafjöldi þessara tveggja byggðakjarna 3000. Þegar ferðast er um Austurland liggja flestar leiðir í gegnum Egilsstaði, vegna staðsetningar bæjarins á miðju Austurlandi.

Egilsstaðir eru vel tengdir fyrir samgöngur á landi, lofti og legi. Millilandaflugvöllur er á Egilsstöðum en þar eru kjöraðstæður fyrir aðflug og landingu. Vegna hagstæðs veðurfars er mikill áreiðanleiki áætlunarflugs um völinn. Í innan við 30 kílómetra fjarlægð eru bæði Seyðisfjörður, þaðan sem vikulegar ferjusiglingar tengja landið við Evrópu í gegnum Færeyjar, og Fjarðabyggð, með næst stærstu höfn landsins og tíðar komur flutningaskipa.



Gistihúsið Egilsstöðum

ÍBÚAFJÖLDI Í EGILSSTÖÐUM OG FELLABÆ



Byggingaframkvæmdir



Aðalskipulag

ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028¹ var samþykkt af bæjarstjórn í júní 2009.

Þar er framtíðarsýn bæjarfélagsins lýst með þessum orðum: „Það eiga alla tíð að vera sérstök og eftirsóknarverð lífsgæði að búa á Fljótsdalshéraði, njóta þeirrar fögru náttúru og örugga umhverfis sem þar er og taka þátt í að búa núverandi og komandi kynslóðum fyrirmyndarsamfélag“.

Við gerð framtíðarsýnarinnar eru gildin framsækni og virðing höfð í fyrirrúmi en stefnan hvílir á fjórum stöðum: þekkingu, þjónustu, velferð og umhverfi.



Þekking

- Fljótsdalshérað verði vaxandi þekkingarsamfélag.
- Skólar á Fljótsdalshéraði eiga að vera metnaðarfullir og í stöðugri þróun með áherslu á siðferðilega, bóklega og verklega þekkingu.
- Fljótsdalshérað verði meðal leiðandi þekkingarsamfélaga á Íslandi.



Þjónusta

- Á Fljótsdalshéraði á að vera gott umhverfi fyrir atvinnurekstur og góð þjónusta fyrir íbúa.
- Þjónusta bæjarfélagsins ætti að vera í hæsta gæðaflokki og til fyrirmyndar fyrir aðra þjónustuaðila.
- Fljótsdalshérað stefnir að því að verða viðskipta- og þjónustumiðstöð Austurlands og með sterkustu byggðakjörnum landsins.



Velferð

- Fljótsdalshérað sem samfélag leggur áherslu á lífsgæði og velferð.
- Á Fljótsdalshéraði eru íbúar meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart sjálfum sér, nágrönnum sínum og umhverfinu.
- Bæjarfélagið leitar stöðugt nýrra leiða til að hafa samráð við íbúa og stofnanir um þróun samfélagsins.



Umhverfi

- Fljótsdalshérað leitast við að vera til fyrirmyndar varðandi virðingu við náttúruna og komandi kynslóðir.
- Vernda skal fjölbreytta náttúru svæðisins, gróðurfar þess og dýralíf.

1. Öll skipulagsgögn íslenskra sveitarfélaga má nálgast á kortavefnum, www.map.is/skipulag

“Það eiga alla tíð að vera sérstök og eftirsóknarverð lífsgæði að búa á Fljótsdalshéraði, njóta þeirrar fögru náttúru og örugga umhverfis sem þar er og taka þátt í að búa núverandi og komandi kynslóðum fyrirmyndarsamfélag”.






Iðnaðarsvæði


Nokkur svæði eru skipulögð sérstaklega fyrir léttan (A) og almennan (I) iðnað í og við Egilsstaði og Fellabæ. Á öllum iðnaðarlóðum er gerð krafa um gott skipulag og umgengni. Öll iðnaðarsvæði við bæinn hafa aðgang að heitu og köldu vatni og þriggja fasa rafmagni.

Svæðið norðan Fellabæjar er skipulagt sem helsta uppbyggingarsvæði nýs iðnaðar (svæði A4, A7, A8, I6 og I13). Deiliskipulag á svæði I6 liggur fyrir en þar er gert ráð fyrir sex lóðum. Steypueiningaverksmiðja er starfrækt á einni lóðanna. Svæði A7/I13 er í nágrenni við vinnslusvæði jarðhitavatns við Urriðavatn og er þess vegna góð staðsetning fyrir heitavatnsfrekan iðnað, eins og til dæmis gróðurhús sem starfrækt eru á hluta svæðisins í dag.

Svæðið sem merkt er A5 norðaustur af Egilsstöðum nær yfir svæði beggja megin við veginn til Seyðisfjarðar. Það er staðsett nærri spennistöðinni við Eyvindará á svæði I1. Svæði A5 hentar því vel fyrir nokkuð orkufreka starfsemi, svo sem gagnaver. Á svæðunum syðst í bænum, A1 og A2, eru að mestu verkstæði, verktakastarfsemi, flutningafyrirtæki og innréttingaframleiðsla. Á svæði A3 er mjólkurstöð. Á svæði A6 er flugvöllurinn á Egilsstöðum og þar er rými fyrir starfsemi sem tengist flugi og ferðamennsku.

Við á í dreifbýli Fljótsháls er að finna iðnaðarstarfsemi. Ef skoða á möguleika fyrir uppbyggingu iðnaðar utan skipulagðra svæða þarf að hafa samband við landeigendur, sem og fulltrúa sveitarfélagsins sem gjarnan veita ráðgjöf um það ferli sem leyfi fyrir uppbyggingu og rekstri krefst.





Verslun og þjónusta

Miðbær Egilsstaða er miðstöð verslana, veitingastaða og þjónustuaðila á Austurlandi. Fólk frá öllu Austurlandi kemur til Egilsstaða til að versla og sækja ýmis konar þjónustu, auk þess að flestir sem heimsækja Austurland koma til Egilsstaða. Þetta þýðir að viðskiptavinir þjónustuaðila á Egilsstöðum eru mikið fleiri en íbúar Fljótsdalshéraðs.

Miðbær Egilsstaða (svæði M1) er skipulagður sem blönduð byggð með verslunum, skrifstofum og íbúðum. Deiliskipulag miðbæjarins gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni og bættri aðstöðu fyrir gangandi vegfarendur. Samtímis tryggir skipulagið að áfram verður gott aðgengi að miðbænum fyrir alla ferðamata.

Á svæðum V11 og V12 er rekstur ýmissa fyrirtækja, svo sem brugghús, verslanir, verkstæði og bensinstöðvar. Á svæði V1, V4 og á blandaða svæðinu L2 eru hótel, gistihús, veitingastaðir, snyrtistofur og aðstaða ýmissa félagasamtaka. Á svæði V3 er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi sem tengist flugvellinum, svo sem bílaleigum eða annarri þjónustu við ferðamenn. Í Fellabæ eru skipulögð svæði undir verslun og þjónustu á svæðum V8 og V23. Á Egilsstöðum eru nokkur svæði merkt sem verslunar og þjónustusvæði þar sem slík þjónusta er nú þegar.

Við útjaðar Egilsstaða og Fellabæjar eru svæði sem skipulögð eru fyrir blandaða byggð (L1, L3, L4 og L5). Þessi svæði eru aðallega hugsuð sem íbúðarsvæði, en opið er fyrir uppbyggingu á verslun og þjónustu sem styður við byggðina.

Íbúðasvæði


Finna má íbúðarhúsnæði á Fljótsdalshéraði í öllum stærðum og gerðum. Á Egilsstöðum er fjölskylduvænt umhverfi með skólum, íþróttamannvirkjum, verslunum, veitingastöðum og annarri þjónustu í göngufæri. Á Hallormsstað er ein af fáum byggðum á Íslandi sem staðsett er í skógi, Möðrudalur er hæsta byggða ból á Íslandi í 469 m hæð yfir sjávarmáli og sveitir Fljótsdalshéraðs bjóða upp á fjölbreytt úrval búsetukosta og umhverfis.

Á Egilsstöðum eru hverfi skipulögð þannig að þau innihaldi íbúðir og hús af mismunandi stærðum. Þetta er gert til þess að tryggja eðlilega blöndun íbúa með ólíkar þarfir. Það er markmið aðalskipulagsins að gott aðgengi sé í íbúðahverfin fyrir alla ferðamáta, sérstaklega þó þeirra sem ferðast gangandi eða hjólandi. Þrátt fyrir að í íbúðahverfum eigi fyrst og fremst að vera íbúðarhúsnæði, eru ákveðnar tegundir atvinnureksturs sem styðja við byggðina leyfðar.

Í aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs eru eldri hlutar Egilsstaða og Fellabæjar merktir sem svæði B1 og B2. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á þessum svæðum, þó er heimilt að reisa nýjar byggingar og breyta núverandi byggingum svo framarlega sem breytingarnar passi í þá byggð sem er fyrir. Svæði B3 og B9 suður af Egilsstöðum, svæði B5 í norðurhluta Egilsstaða og svæði B4, sem er staðsett við Selskóg, eru ný hverfi þar sem enn er pláss fyrir nýbyggingar.

Frekari stækkun Egilsstaða utan þeirra svæða sem nú þegar eru deiliskipulögð er áætluð til norðurs inn á svæði L1 sem skipulagt er undir blandaða byggð. Svæði L3 og L4 eru einnig skipulögð fyrir blandaða byggð og veita einnig rými fyrir frekari stækkun bæjarins. Í Fellabæ er svæði L5 skipulagt fyrir blandaða byggð og þar er rými fyrir ný íbúðarhús.

Einnig eru fyrirhuguð íbúðarhverfi á Hallormsstað (B6), á Eiðum (B7) og á nokkrum stöðum í dreifbýli eru lausar lóðir undir nýbyggingar.



Miðbær Egilsstaða


MIDBÆR EGILSSTAÐA ER ÞJÓNUSTU-MIDSTÖÐ AUSTURLANDS, og stendur við annasömustu gatnamót fjórðungsins. Í dag eru þar verslanir, bankar, veitingastaðir, hótél, skrifstofur, bensínstöðvar, tjaldsvæði, upplýsingamiðstöðvar og margvísleg þjónusta. Nýtt miðbæjarskipulag var samþykkt árið 2018. Skipulagið opnar marga þróunar möguleika í miðbænum, en þar er gert ráð fyrir allt að 20.000 m² af nýbyggingum. Markmiðið með nýju miðbæjarskipulagi er að gera miðbæ Egilsstaða kleift að vaxa þannig að hann geti haldið áfram að gegna hlutverki sínu sem þjónustumiðstöð Austurlands. Miðbærinn á

að vera miðpunktur Egilsstaða og lykilþáttur í því að styrkja ímynd bæjarins. Nálægð við óspillta náttúru var höfð til hliðsjónar við gerð skipulagsins. Í skipulaginu er lögð áhersla á að arkitektúr nýrra bygginga skuli vera í hæsta gæðaflokki, umferðaröryggi sé tryggt og að miðbærinn verði aðlaðandi og skemmtilegur heim að sækja.

Gangandi vegfarendur fá aukið pláss í nýja skipulaginu, með göngugötu sem liggur í gegnum miðbærinn frá norðri til suðurs. Gott aðgengi er einnig tryggt fyrir þá sem koma akandi að miðbænum á bílum eða rútum. Flestar nýju bygginganna sem

fyrirhugaðar eru eiga að vera tveggja eða þriggja hæða, þó eru nokkrar skipulagðar sem eins eða fjögurra hæða. Mest af nýju byggingarmagni í miðbænum er hugsað undir verslun og þjónustu, en einnig er gert ráð fyrir rými fyrir íbúðir í miðbænum.


Nýja skipulagið miðar að líflegum miðbæ með blöndu verslunar, þjónustu og íbúðahúsnæðis. Opin torg og græn svæði fjarri bílaumferð opna möguleika á að hægt sé að vera með veitingasölu utandyra í góða sumarveðrinu á Egilsstöðum.



Miðbæjarskipulag, ARKIS



Mýnd: Þrona Þ. Sandoel



Mýnd: Skarphéðinn Þorisson

Mat á umhverfisáhrifum

Á Íslandi þurfa allar stærri framkvæmdir að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Það er á ábyrgð framkvæmdaraðila að matið sé rétt framkvæmt og hann ber einnig allan kostnað af því. Allar stærri verkfræðistofur á Íslandi og nokkur önnur ráðgjafarfyrirtæki bjóða upp á framkvæmd umhverfismats.

Framkvæmdir eru flokkaðar í þrjá flokka, A, B og C. Flokkurinn ákvarðar hvaða stofnun sker úr um það hvort að framkvæmdin sé matsskyld.

Flokkur A – líklega veruleg umhverfisáhrif t.d.

- jarðvarmavirkjanir > 50 MW,
- áhrifasvæði framkvæmdar er > 50.000 m²
- byggingarefni eru > 150.000 m³.

Framkvæmd í flokki A skal alltaf fara í mat á umhverfisáhrifum

Flokkur B – smærri í sniðum en byggingar í flokki A, gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif t.d.

- gróðursetning nýs skógar > 200 ha,
- vatnsaflsvirkjun > 200 kW.

Tilkynna skal framkvæmd í flokki B til Skipulagsstofnunar

Flokkur C – smærri í sniðum en framkvæmd í flokki B. Tilkynna skal viðkomandi sveitarfélagi um framkvæmdir í flokki C. Hins vegar skulu framkvæmdir sem staðsettar eru:

- á hafsbotni meira en 115 m frá ströndinni,
- á sérstökum öryggis- eða eftirlitssvæðum, tilkynntar til Skipulagsstofnunar.

Heimild: <http://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/framkvaemdir-hadar-mati>



Aðgangur að byggingarefnum

Aðgangur að byggingarefni er góður á Fljótsdalshéraði. Húsasmiðjan er með verslanir á Egilsstöðum og Reyðarfirði, auk þess eru nokkrar smærri sérhæfðar byggingavöruslanir á svæðinu.

Í aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs eru yfir 100 staðir sem hafa verið samþykktir til töku á byggingarefni eins og sandi, mól eða öðrum sambærilegum efnum. Aðgangur að núverandi efnistökusvæðum og opnun nýrra vinnslustaða er háð samþykki frá landeigendum og sveitarfélaginu.

Framleiðsla á timbri úr skógum Fljótsdalshéraðs er starfrækt á Hallormsstað og í Fljótsdal, og í Fellabæ er steypueiningaverksmiðja.

Nokkur fyrirtæki eru með flutningaþjónustu til og frá Egilsstöðum og flutningabílar fara á milli Egilsstaða og Reykjavíkur alla virka daga. Hægt er að flytja léttari vöru með flugi frá Reykjavík en þaðan er flogið þrisvar á dag. Gámaflutningaskip sigla frá Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði (40 km frá Egilsstöðum) bæði til annara hafna á Íslandi og beint til Evrópu. Til Seyðisfjarðar (25 km frá Egilsstöðum) siglir vikulega ferjan Norræna frá Danmörku með viðkomu í Færeyjum, hægt er að flytja vörur í Norrænu í flutningabílum.

Veitur



Raforkuframleiðsla


Á Fljótsdalshéraði og nágrenni er framleiðslugeta vatnsaflsvirkjana upp á 730 MW. Framleiðslugetan kemur að mestu leyti frá stærstu virkjun landsins, Fljótsdalsstöð (690 MW), sem staðsett er um 45 km frá Egilsstöðum, í Fljótsdal. Meðal annarra virkjana eru Lagarfossvirkjun (27,2 MW) í Lagarfljóti norður af Egilsstöðum, Bjólfs- og Gúlsvirkjun (9,8 MW) í Seyðisfirði og Grímsárvirkjun í Skriðdal (2,8 MW).

Raforkuframleiðsla úr vindi er enn lítil á Íslandi þar sem framleiðsla úr vatnsafl og jarðhita hefur verið hagkvæmari. Með lækkun kostnaðar á vindorkuverum á undanförunum árum hefur áhugi á virkjun vindsins aukist til muna. Á Fljótsdalshéraði eru þó nokkrir staðir þar sem vindaðstæður er góðar og eru nokkrir þeirra til skoðunar hjá raforkuframleiðendum. Veðurstofa Íslands rekur vindatlas sem nýta má sem fyrsta skref í að kanna heppilega staði fyrir vindorkuver.¹

Nýjar vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir, yfir 10 MW, þurfa að fara í gegnum matsferli fyrir áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem í daglegu tali er nefnt rammaáætlun. Í Rammaáætlun er fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum fyrir orkunýtingu raðað í þrjá flokka, nýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk. Þegar þessi texti er skrifaður eru engin orkunýtingarverkefni á Austurlandi í Rammaáætlun, en nokkrar verkefnahugmyndir eru til sem eiga eftir að fara í gegnum ferlið.

Hægt er að samþykka minni virkjanir (< 10 MW) án þess að þær séu teknar fyrir í Rammaáætlun.

- FLJÓTSDALSTÖÐ 690 MW 1
- BÚÐARÁRVIRKJUN 0,24 MW 2
- GRÍMSÁRVIRKJUN 2,8 MW 3
- GÚLSVIRKJUN 3,4 MW 4
- BJÓLFSVIRKJUN 6,4 MW 5
- FJARÐARSELVIRKJUN 0,16 MW 6
- RANGÁRVIRKJUN 0,15 MW 7
- LAGARFOSSVIRKJUN 27,2 MW 8
- TENGISTÖÐ EYVINDARÁ 9



1. vindatlas.vedur.is



Orkudreifing

Landsnet er umsjónaraðili raforkuflutningskerfisins (TSO) á Íslandi. Austurland er tengt inn á flutningskerfið með hringtengingu sem liggur í norður og suður eftir 132 kV línunum. Landsnet áformar að hefja byggingu nýrrar 220 kV flutningslínu frá Fljótsdalsvirkjun norður til virkjananna við Kröflu og Þeistareyki árið 2018 og er áætlað að þeim framkvæmdum verði lokið árið 2020.

Tvær 220 kV háspennulínur liggja frá Fljótsdalsstöð til álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði sem nýtir stærstan hluta þeirrar raforku sem framleidd er í stöðinni. Raforka er flutt til Vopnafjarðar, Seyðisfjarðar og Eskifjarðar um 66 kV línur frá tengivirki að Eyvindará, nálægt Egilsstöðum. Við Eyvindará er önnur tveggja tengistöðva á Fljótsdalshéraði en hin er við Hryggstekk í Skriðdal.

Rekstraraðili raforkudreifikerfisins (DSO) á Austurlandi er RARIK. Dreifikerfi er rekið að hluta í gegnum 3-fasa jarðlínur og að hluta til yfir 1-fasa loftlínur. RARIK vinnur að því að skipta út loftlínunum fyrir jarðstrengi og heldur því verkefni áfram þar til öll heimili og fyrirtæki á svæðinu hafa aðgang að 3-fasa raforku.

Hitaveitur

Hitaveita Egilsstaða og Fella (HEF) nær til Egilsstaða, Fellabæjar og frístundabyggðarinnar á Einarstöðum suður af Egilsstöðum. Vatnið kemur úr þremur jarðhitaholum við Urriðavatn norður af Fellabæ. Núverandi hámarksrennsli kerfisins er 182 l/s af vatni við 76 °C, sem er um þreföld núverandi eftirspurn. Hægt væri að stækka þjónustuvæði hitaveitunnar í framtíðinni af því gefnu að eftirspurn við nýjan enda dreifikerfisins dugi til að halda lágmarksflæði í gegnum kerfið.

Jarðhitavatnið úr uppsprettunum við Urriðavatn er einstakt að því leyti að það er eina jarðhitavatnið á Íslandi sem hefur verið vottað til beinnar neyslu¹, sem gerir það til dæmis tilvalið til notkunar við matvælaframleiðslu.

Kalt vatn

HEF rekur vatnsdreifikerfi fyrir kalt vatn í og kringum Egilsstaði og Fellabæ, á Hallormsstað og Eiðum. Nýir vatnsbrunnar fyrir Egilsstaði og Fellabæ voru teknir í notkun árið 2009. Þeir eru staðsettir við Köldukvísl í Eyvindarárdal. HEF er með þrjár vinnsluholur við Köldukvísl en hámarksrennsli úr þeim eru 65 l/s af vatni við 4°C. Eins og með heita vatnið annar vinnslugeta kalda vatnsins um þreföldri núverandi eftirspurn. Kalda vatnið er í hæsta gæðaflokki og vottað til neyslu án meðhöndlunar.²

Sorphirða

Þriggja tunnu sorphirðukerfi er rekið fyrir heimili á Fljótshéraði. Í þéttbýli fær hvert heimili eina tunnu fyrir almennan úrgang sem er urðaður, aðra tunnu fyrir endurvinnanlegt sorp og þá þriðju fyrir lífrænan úrgang sem er nýttur í moltugerð. Heimili í dreifbýli fá tvær tunnur, eina fyrir almennan úrgang og aðra fyrir endurvinnanlegan, auk þess fá þau moltugerðarlát fyrir lífrænan úrgang.

Sorpmóttökustöð er rekin á Egilsstöðum. Þar er tekið við öllum úrgangi frá heimilum. Þangað skal skila spilliefnum og garðúrgangi sem ekki má setja í heimatunnur.


Fyrirtæki sem þurfa sorpsöfnun geta haft samband við einhver þeirra fyrirtækja sem veita slíka þjónustu í sveitarfélaginu, en þau eru Íslenska Gámafélagið, Dagsverk og Gámaþjónusta Austurlands – Sjónarás. Markmið sveitarfélagsins er að í framtíðinni lagi fyrirtækin sig að sambærilegu sorphirðukerfi og heimilin nýta í dag.

Skólphreinsun

Fljótshérað sér um fráveitumál á Egilsstöðum, Fellabæ, Eiðum, Hallormsstað og Brúarási. Þrjú skólphreinsivirki eru starfrækt á Egilsstöðum og eitt í Fellabæ en fráveitur sem eru ekki tengdar hreinsivirkjum liggja í rotþrær.

1. http://hef.is/images/Skjol_HEF/Heildartekt%20hitaveituvatn_2013.pdf

2. http://hef.is/images/Skjol_HEF/Efnasamsetningar/Heildarefnagr_2014_Kaldskvsl.pdf




Internet aðgangur

Árið 2017 var Ísland í fyrsta sæti á þróunarvísitölu ICT, en sá listi er birtur af Alþjóðasambandi um fjarskipti á vegum Sameinuðu þjóðanna. Vísitalan byggist á 11 upplýsingatæknivísum sem eru flokkaðir í þrennt: aðgengi, notkun og færni. Samkvæmt vísitölunni eru yfir 98% Íslendinga virkir internetnotendur, 97% heimila hafa aðgang að internetinu og það eru 104 háhraða netáskriftir fyrir farsíma á hverja 100 íbúa.

Fljótsdalshérað er vel staðsett með tilliti til aðgangs að háhraða nettengingum. Ljósleiðaranet liggur í kringum Ísland og landið er tengt við umheiminn með þremur neðansjávarköplum (Farice, Danice og Cantat-3). Einn kaplanna kemur í land í Seyðisfirði, aðeins 25 km frá Egilsstöðum. Hægt er að tengjast ljósleiðara á Egilsstöðum og mörgum stöðum í dreifbýli Fljótsdalshéraðs. Á svæðum

sem ekki eru enn tengd við ljósleiðara er hægt að ná háhraða internettengingu í gegnum örbylgjuloftnet sem er rekið af fyrirtækinu Rafey. Átak er nú í gangi á vegum íslenska ríkisins, með það að markmiði að 100 Mbps tengingar verði aðgengilegar á 99,9% íslenskra heimila fyrir lok ársins 2020.






Umhverfi

Veðurfar


Veðurfar á Fljótsdalshéraði er fjölbreytt eins og búast má við í svo víðfeðmu sveitarfélagi og má gróflega skipta því í fimm veðursvæði. Á láglendinu kringum Egilsstaði, Fljótsdal og Jökuldal er milt veður. Þar sem þetta svæði liggur langt inni á landinu, er veðráttan líkari meginlandsloftslagi með hlýrri sumrum og kaldari vetrum en á þeim svæðum sem eru nær hafi. Á Jökuldal er nokkuð kaldara en á Egilsstöðum þar sem hann liggur hærra. Í Skriðdal er svipað meginlandsloftslag en þar er þó úrkoma meiri en á fyrsta svæðinu, sérstaklega þegar vindátt er að austan eða suðaustan. Þriðja svæðið er Úthérað norður frá Egilsstöðum til sjávar. Á þessu svæði er ríkjandi eyjaloftslag og úrkoman er meiri en á Egilsstöðum. Hálendinu má skipta í tvö svæði, á vesturhluta þess er úrkoma lítil, en á austari hluta þess er úrkoman mun meiri.

Umhverfi á hverjum stað hefur mikið að segja um ríkjandi vindáttir og vindstyrk. Helstu áhrifaþættir eru fjöll, en skógar og byggingar hafa einnig veruleg áhrif. Veðurstofa Íslands heldur úti vindatlas (vindatlas.vedur.is) sem hægt er að nota til þess að fá yfirlit yfir vindafar, ríkjandi vindáttir og vindhraðadreifingu á öllu Íslandi. Á Egilsstöðum eru ríkjandi vindáttir úr norðri og suðri.


Egilsstaðaflugvöllur 2006-2016
Mánaðarlegt meðalhitastig [°C]



Meðalhitastig í janúar (1961-1990)




Meðalhitastig í júlí (1961-1990)



Adapted from: Björnsson, H., et al. (2007) Met. Zeits. Vol. 16, No. 1, 045-056

Árleg meðalúrkoma (1971-2000)




Mynd aðlöguð frá: Crochet et al., Am. Met. Soc., vol. 8, 2007

Náttúruvá

Fljótsdalshérað liggur utan við það belti þar sem eldvirkni er mest á Íslandi og því eru engin virk eldfjöll í nágrenni við byggð svæði í sveitarfélaginu og lágmarkshætta frá jarðskjálftum. Hafís sem rekur frá Grænlandi til norðvestur hluta Íslands rekur ekki austur fyrir landið. Það er engin hætta á ofanflóðum í bæjum og þorpum á Fljótsdalshéraði, hinsvegar falla stundum snjóflóð eða skriður á vegi á Austurlandi og geta lokað þeim tímabundið.

Landslag og jarðfræði



VÍDÁTTA OG OPIÐ LANDSLAG setur svip sinn á Fljótshérað, einkum Úthérað [1] en héraðið er þó umgirt miklu fjalllendi á þrjá vegu. Til suðurs rís Snæfell (1.833 m) [2] og Kverkfjöll (1.936 m) [3] í suðvestri með Vatnajökul í bakgrunni. Áð austan er Austfjarðafjallgarðurinn [4] með mörg tignarleg fjöll, að vestan er hálendið með fjallaröðum sem marka ákveðinn ramma og milli Vopnafjarðar og Fljótshéraðs er fjallgarður þar sem Smjörfjöllin [5] rísa hæst.

Berggrunnur Austurlands er að mestu samsettur úr basísku gosbergi. Eldri jarðlög eru yfirleitt úr blágrýti með rauðleitu gosöskulögum á milli en yngri jarðlög eru fjölbreyttari með setlögum frá árframburði og jökulbergslögum. Austfjarðafjöll og Smjörfjöll eru tertíermyndanir sem urðu til fyrir ísöld og er elsta bergið næst hafi um 13-14 milljón ára gamalt. Á þessum svæðum eru fornar megineldstöðvar þar sem finna má lífríkt líparít. Jarðlög eru yngri eftir því sem vestar dregur og þar hefur ísaldarjökullinn haft meiri áhrif á mótun landsins. Á hálendinu norðan Brúarjökuls [6] og Dyngjujökuls eru fjallgarðar og fjallaraðir úr basísku og ísúru móbergi og bólstrabergi og hraun og setlög sem hafa orðið til við gos á síðari hluta ísaldar. Snæfell (1.833 m) og Kverkfjöll (1.860 m) eru megineldstöðvar og helsta gosefnið er basalt, en þar er einnig að

- 1 ÚTHÉRAÐ
- 2 SNÆFELL
- 3 KVERKFJÖLL
- 4 AUSTFJARÐAFJÖLL
- 5 SMJÖRFJÖLL
- 6 BRÚARJÖKULL
- 7 URRÍÐAVATN
- 8 JÖKULSÁ Á FJÖLLUM
- 9 JÖKULSÁ Á DAL (JÖKLA)
- 10 JÖKULSÁ Í FLJÓTSDAL
- 11 JÖKULDALUR
- 12 FLJÓTSDALUR
- 13 SKRÍDDALUR

finna líparít og andesít. Jarðhitasvæði er einkum að finna í yngri hluta jarðlaganna, á Kverkfjallasvæðinu. Þó hefur fundist jarðhiti í Urriðavatni [7] og verið virkjaður til húshitunar.

Frá skriðjöklum Vatnajökuls renna Jökulsá á Fjöllum [8] frá Dyngjujökli og Kreppa og Kverká frá Brúarjökli til norðurs. Til norðausturs í Héraðsfloa renna Jökulsá á Dal (Jökla) [9] frá Brúarjökli og Jökulsá í Fljótsdal [10] frá Eyjabakkajökli. Þetta eru með stærstu vatnsföllum á landinu og hafa haft mikil áhrif á mótun landsins. Strönd Héraðsfloa er um 25 km löng hafnlaus sandfjara sem mótast hefur af framburði jökulánna. Upp af flóanum eru láglendar sveitir sem þó eru sundurskornar af jökulánum og inn af þessu láglendi, Úthéraði, ganga megindalir Fljótsdalshéraðs, Jökuldalur [11], Fljótsdalur [12] og Skriðdalur [13] með afdölum, vel grónir einkum Fljótsdalur og Skriðdalur. Landslag er fjölbreytt og markað af landmótunaröflum jökla og jökulfljóta, jökulsorfnir dalir, hvalbök, malarásar, jökulgarðar og jökulrákir. Víðáttumikil grösug heiðalönd eru milli Jökuldals og Fljótsdals, á Snæfellsöræfum og Jökuldalsheiði. Þar eru votlendi og vötn og upptök dragáa og lækja sem renna til Héraðs oft í fallegum fossum. Svæðið norðan Brúarjökuls, Brúardalir og allt vestur að Jökulsá á Fjöllum er gróðurlítið öræfasvæði en þó eru gróðurvinjar í dældum svo sem Möðrudalskvosin, Fagridalur, Arnardalur og Þorláksmýrar. Áhrif af búsetu eru á láglendum og gróðursælum svæðum Fljótsdalshéraðs þar sem ræktun og ýmis mannvirki hafa sett svip á landið.




Mynd: Gunnar Gunnarsson

Lífríki

LÁGLENÐI Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI er yfirleitt vel gróið og gróska töluverð í útsveitum og dölum. Á svæðinu upp af Héraðsflóa eru víðfeðm og óvenju gróskumikil votlendi m.a. mjög blautir flóar sem ekki hafa verið ræstir fram en slíkir flóar eru sjaldgæfir á Íslandi. Mólendi er algengt í dölum og hlíðum og víða er að finna náttúrulegt birkiskóglendi, einkum á austanverðu Fljótsdalshéraði. Þjóðskógurinn, Hallormsstaðaskógur er þekktastur skóga á Héraði og stærsti samfelldi skógur á landinu. Stór hluti hans hefur verið friðaður fyrir beit í rúmlega 100 ár. Á Hallormsstað eru gróðursettir trjálundir fjölda innfluttra tegunda víðs vegar að úr heiminum. Allmikið land hefur verið tekið til skógræktar víða á Fljótsdalshéraði undanfarna áratugi og ber mest á lerkiskógrækt. Vaxandi skógar teygja sig nú um ása og brekkur og setja sterkan svip á gróðurfar víðsvegar um Fljótsdalshérað. Í skógarbotnum er víða ríkulegur botngróður og mikið er um ber og sveppi. Túnrækt er við bæi og kornrækt nokkur á bestu svæðum.

Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI ERU MIKIL heiðalönd og hálendisvæði. Heiðalönd eru víða vel gróin og eru þar víðáttumikil votlendi og mólendi. Á hálendisvæðum inn til landsins er gróður víða ósamfelldur og stór svæði að mestu gróðursnauð einkum á vestasta hluta þeirra. Gróðurmörk liggja hærra eftir því sem lengra dregur inn til landsins, í allt að 800 m hæð. Hánorrænar fjallaplöntur finnast ofan þessara marka allt upp í 1600 metra hæð í Snæfelli. Á Fljótsdalshéraði er að finna plöntutegundir sem einkenna Austurland en sjást lítið eða ekki utan þess landshluta og einnig nokkrar sjaldgæfar tegundir.

Hreindýr eru sérkenni í dýralífi Austurlands og ganga þar villt en þau voru flutt til landsins seint á átjándu öld. Dýrin halda sig að mestu á svæðinu frá Vopnafjarðarheiðum og suður í Suðursveit. Á sumrin heldur stór hluti hreindýrastofnsins sig á vel grónum hlutum hálendisins kringum Snæfell en á veturna færa þau sig út heiðar og dali og leita til byggða ef harðnar í ári. Landselir eru algengir við Héraðsflóa og ganga upp í árósa og kæpa á allmörgum stöðum við flóann og árósa Jöklu og Lagarfljóts. Fjallarefur er víða útbreiddur og minkur finnst einkum á láglenði og einnig hagamús. Lyngbobbí (Austfjarðabobbí) er algengur og svartsnigill finnst á afmörkuð svæði á Úthéraði. Í ám og vötnum eru bleikja, urriði og lax auk hornsíla og smádýralífs sem ekki er fullkannað. Algengasti varpfuglinn á hálendi er heiðagæs en geldfuglar halda sig í stórum hópum við Eyjabakka og á Vesturöræfum síðsumars. Álfir eru einnig áberandi á hálendinu einkum við fjallavötnin. Ysti hluti Úthéraðs er mikilvægt fuglasvæði einkum vegna fjölda kjóa, skúma og grágæsa. Við ár og vötn á Héraði er fjöldi andategunda, mófuglar eru algengir á þurrlendi og í Hallormsstaðaskógi og öðrum vaxandi skógarsvæðum eru fuglar sem eiga kjörsvæði í skóglendi.





Samgöngur



Flug

Egilsstaðaflugvöllur er einn af fjórum flugvöllum á Íslandi sem uppfylla kröfur um millilandaflug. Flugvöllurinn er varaflugvöllur fyrir Keflavíkflugvöll. Hann er opinn allan sólarhringinn og getur örugglega þjónað áætlunarflugi. Flugvöllurinn er í háum gæðaflokki með AFIS aðflugsbúnað.

Slökkviliðs- og sjúkraþjónusta á flugvellinum er í samræmi við ICAO flokk 5 og má hækka í flokk 7, ef þess er óskað. Egilsstaðaflugvöllur er mjög vel búinn til allrar vetrarþjónustu og er opinn allan ársins hring.

Flugvöllurinn er staðsettur aðeins 2 km frá miðbæ Egilsstaða, á bökkum Lagarfljóts. Veður- og aðflugsskilyrði eru mjög góð og áreiðanleiki flugáætlunar er nærri 99%.

Það eru þrjár áætlunarferðir daglega milli Egilsstaða og Reykjavíkur árið um kring, en flugtíminn er um 45 mínútur. Flugvöllurinn þjónar einnig reglulega leiguflugi til útlanda og einkaflugi. Það er yfirlýst markmið íslenskra stjórnvalda að reglulegt millilandaflug verði um flugvöllinn í náninni framtíð.

Keflavíkflugvöllur er aðalflugvöllur Íslands, staðsettur 50 km frá Reykjavík. Árið 2017 starfræktu 24 flugfélög áætlunarflug þaðan til 80 áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku. Frekari upplýsingar um íslenska flugvelli er að finna á www.isavia.is



FAR FROM ORDINARY. CLOSE TO NATURE.

Ferðatími frá Egilsstöðum til
nokkurra vinsælla áfangastaða
á Íslandi.



Sjóflutningar

Þar sem Egilsstaðir liggja ekki að sjó er þar engin höfn, en Egilsstaðir eru engu að síður í stuttri akstursfjarlægð frá nokkrum af annasömustu höfnum landsins.

Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði (40 km akstur frá Egilsstöðum) er meðal stærstu hafna landsins, en um 1,5 milljón tonna af vörum fara um höfnina á ári. Þrjú skipafélög eru með

vikulegar áætlunarferðir flutningaskipa um höfnina. Frá Reyðarfirði sigla skipin bæði beint til Evrópu og til ýmissa hafna á Íslandi.

Ferjan Norræna siglir vikulega milli Seyðisfjarðar (25 km frá Egilsstöðum), Þórshafnar í Færeyjum og Hirtshals í Danmörku. Ferjan flytur fólk, bíla og vörur með flutninga-

bílum. Seyðisfjörður, ásamt fleiri fjörðum á Austurlandi, er einnig vinsæll áfangastaður skemmtiferðaskipa yfir sumarið.

Frá flestum þéttbýliskjörnum við austurströndina eru gerð út stór fiskiskip, svo sem frá Neskaupstað, Vopnafirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Laxeldi eru einnig vaxandi iðnaður í fjörðunum og því fylgir aukin starfsemi.



Vegasamgöngur

Egilsstaðir eru staðsettir miðsvæðis á Austurlandi við hringveginn. Þetta þýðir að flestar ferðir til og frá Austurlandi fara í gegnum bæinn. Flutningabílar aka til og frá Egilsstöðum alla virka daga á vegum flutningafyrirtækja, pósthjónustu og matvöruverslana. Um 90% íbúa Austurlands búa í innan við klukkutíma akstursfjarlægð frá Egilsstöðum og síðustu 10% búa í minna en 1,5 klukkutíma fjarlægð.

Nýleg jarðgöng, frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar annars vegar og frá Eskifirði til Norðfjarðar hins vegar, hafa dregið úr ferðatíma og stórbætt samgöngur á Mið-Austurlandi.

Aksturstími til Reykjavíkur er u.þ.b. sá sami hvort sem farin er norðurleið eða suðurleið, eða um átta klukkustundir. Akureyri er í þriggja klukkustunda akstursfjarlægð frá Egilsstöðum og sumir vinsælustu ferðamannastaða landsins eru í nokkurra klukkustunda aksturfjarlægð, Vatnajökulsþjóðgarður (1 klukkustund), Mývatn (2 klst), Höfn (2,5 klst), Húsavík (3 klst) og Jökulsárlón (3,5 klst).

Almenningsamgöngur

Strætisvagn er starfræktur í Egilsstöðum og Fellabæ, án endurgjalds og gengur frá kl. 7 til kl. 20 virka daga. Skólabifreiðar aka börnum úr dreifbýli sveitarfélagsins til og frá skóla. Tímaáætlun og stoppistöðvar er að finna á: <https://www.fljotsdalsherad.is/>


Strætisvagnar aka á milli þéttbýlisstaða á Austurlandi undir nafninu SvAust. Vagnarnir aka norðan frá Borgarfirði suður til Hafnar í Hornafirði. Tímaáætlun og áfangastaði er að finna á: <http://www.svaust.is>

Strætó BS rekur að hluta kerfi almenningsvagna um Ísland. Leið 56 liggur milli Egilsstaða og Akureyrar. Á Fljótshéraði stoppa vagnarnir á fjórum stöðum, á tjaldsvæðinu á Egilsstöðum, í Fellabæ, á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal og við Vopnafjarðarafleggjarann. Tímaáætlanir og frekari upplýsingar er að finna á: <http://www.straeto.is>





Vinnumarkaður




- Íbúaföldi innan 30 mín fjarlægðar frá EGILSSTÖÐUM : — **5 400** einstaklingar
EGILSSTAÐIR, FLJÓTSDALUR, SEYÐISFJÖRDUR, REYÐARFJÖRDUR, JÖKULDALUR
- Íbúaföldi innan 60 mín fjarlægðar frá EGILSSTÖÐUM : — **9 000** einstaklingar
BORGARFJÖRDUR EYSTRÍ, ESKIFJÖRDUR, NESKAUPSTAÐUR, FÁSKRÚDSFJÖRDUR, STÖDVARFJÖRDUR
- Íbúaföldi innan 90 mín fjarlægðar frá EGILSSTÖÐUM : — **10 300** einstaklingar
VOPNAFJÖRDUR, BREIÐDALSVÍK, DJÚPIVOGUR




Mannauður

Íbúafjöldi Fljótshálfarinnar er um 3500. Hins vegar búa um 5400 manns innan 30 mínútna akstursfjarlægðar frá Egilsstöðum, 9000 manns innan 60 mínútna og 10.300 innan 90 mínútna akstursfjarlægðar. Í dag ferðast stór hluti íbúa Mið-Austurlands milli bæja til vinnu og mörg fyrirtæki og stofnanir þjónusta allt Austurland, sem þýðir að starfsmenn þeirra ferðast daglega milli bæjarfélaga á Austurlandi. Í könnun sem gerð var fyrir Vegagerðina árið 2016¹ sögðust 58% svarenda vera tilbúnir til að leggja á sig 30 mínútna eða meiri akstur til vinnu, fyrir rétta starfið.




Sveitarfélagið er með heilbrigða aldersdreifingu og kynjaskiptingu, þar sem um 51% íbúanna eru karlar og 49% konur. Aldersdreifing íbúa sýnir að um 20 ára aldur flytur hluti íbúanna frá sveitarfélaginu, flestir til þess að afla sér framhaldsmenntunar. Dreifingin gefur einnig til kynna að margir þeirra snúi aftur eða að nýir íbúar flytji til sveitarfélagsins að loknu námi.

Í sögulegu samhengi er atvinnuleysi lítið á Íslandi og enn minna á Austurlandi. Eftir fjármálakreppuna árið 2008 jókst atvinnuleysi á landsvísu, en þó minna á Austurlandi. Það hefur lækkað aftur og er nú svipað og það var áður.



Árið 2013 höfðu 21% íbúa Fljótshálfarinnar, 16 ára og eldri, lokið háskólaprófi. 35% höfðu lokið námi í framhaldsskóla, annaðhvort stúdentsprófi, tæknimenntun eða sambærilegu.



1. "Vinnusóknarmynstur og vinnusóknarsvæði Austurland", Viaplan, 2016, <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/>

Þjónusta

Á Fljótshálsá er boðið upp á ýmsa þjónustu bæði af hinu opinbera og einkaaðilum og eru Egilsstaðir helsta miðstöð þjónustu á Austurlandi. Hér verður farið yfir helstu þætti þessarar þjónustu.

Sveitarfélagið Fljótshálsá

Sveitarfélög á Íslandi hafa lögbundið hlutverk til þess að veita ýmsa þjónustu. Þau bera ábyrgð á rekstri margra lykilþátta velferðarkerfisins, svo sem leikskólum, grunnskólum, íþróttamannvirkjum og félagsþjónustu, auk þess sem þeim ber að reka fjölþætta veitubjónustu.

Þjónusta Fljótshálsá er í takti við það sem best gerist á Íslandi. Ákveðnir þættir félagsþjónustu Fljótshálsá bjóða einnig fimm nágrannasveitarfélögum og Fljótshálsá rekur nokkrar stofnanir í samvinnu við önnur sveitarfélög, svo sem Háskóla Íslands og Minjasafn Austurlands.

Heilbrigðisþjónusta

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) annast heilbrigðisþjónustu á öllu Austurlandi. HSA veitir heildræna, alhliða heilsugæslu, sjúkrahús- og hjúkrunarþjónustu. Hjá HSA starfa um 340 starfsmenn á 11 starfsstöðvum. Fjórðungssjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað en í öllum stærri þéttbýliskjörnum eru heilsugæslustöðvar sem sinna allri almennri heilsugæslu. HSA rekur einnig hjúkunarheimili og endurhæfingarstöð á Egilsstöðum.



Menntun

Fljótshálsá rekur þrjá leikskóla: *Tjarnarskógur* er á Egilsstöðum og er starfræktur á tveimur stöðum, *Hádegishöfði* er í Fellabæ og í Brúarási er rekinn leikskóli í húsnæði grunnskólans þar. Sömuleiðis eru þrír grunnskólar á Fljótshálsá, *Egilsstaðaskóli*, *Fellaskóli* og *Brúarásskóli*. Skólarnir eru ólíkir að stærð frá því að vera með um 350 börn, 100 börn og 50 börn. Sveitarfélagið rekur einnig sjálfstæðan tónlistarskóla í hverjum grunnskóla.


Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) hefur verið starfræktur frá 1979 við góðan orðstír. Við skólann er heimavist og mótuneyti fyrir nemendur sem búa utan Egilsstaða. Skólinn þykir veita góðan undirbúning fyrir háskólanám og telja bæði nemendur og starfsmenn almennt skólann vera af heppilegri stærð sem býður upp á persónuleg samskipti.

Handverks- og hústjórnaðarskólinn á Hallormsstað er lítill skóli með heimavist og mótuneyti fyrir 20-24 nemendur. Þar er boðið upp á nám í textíl og matargerð. Í báðum námslínunum er lögð áhersla á sköpun og hönnun, menningararfleifð og nútímatækni. Skólinn er staðsettur í miðjum Hallormsstaðaskógi í fögru og rólegu umhverfi.

Austurbrú býður upp á úrval námskeiða í fullorðinsfræðslu og persónulega þjónustu, svo sem raunfærnimat og námsráðgjöf. Austurbrú þjónar fjarnemum háskólanna og á starfstöðinni á Egilsstöðum eru lesstofur og hópvinnuherbergi. Þar er einnig aðstaða fyrir nemendur til að sitja námskeið í fjarnámi og til að taka próf.

Stofnun Rannsóknasetra *Háskóla Íslands* rekur starfstöð á Egilsstöðum.

- 1 MIDBÆR
- 2 TJALDSVÆÐI
- 3 BÆJARSKRIFSTOFA
- 4 HÉRAÐSDÓMUR / LÖGREGLA / SÝSLUMAÐUR
- 5 SUNDLAUG / ÍÐRÓTTAHÚS
- 6 MENNTASKÓLINN Á EGILSSTÖÐUM (ME)
- 7 EGILSSTAÐASKÓLI
- 8 VILHJÁLMSVÖLLUR
- 9 LEIKSKÓLI
- 10 LEIKSKÓLI
- 11 BÍLAVERKSTÆÐI AUSTURLANDS
- 12 EGILSSTAÐAFLUGVÖLLUR
- 13 FELLAVÖLLUR
- 14 FELLASKÓLI
- 15 SKRIFSTOFUR VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS / HEF
- 16 SLÖKKVISTÖÐ
- 17 HEILSUGÆSLA
- 18 HJÚKRUNARHEIMILI
- 19 ÞJÓNUSTUSTOFNANIR / AUSTURBRÚ / HÁSKÓLI ÍSLANDS





Mynd: Stafdalur.is

Íþróttir og afþreying

Á Fljótshálsdalsþéttunni er góð aðstaða til íþróttaiðkunar. Sveitarfélagið starfrækir sundlaug sem er opin allt árið, íþróttahús á Egilsstöðum, í Fellabæ og í Brúarási. Vilhjálmsvöllur á Egilsstöðum er fjölnota íþróttaleikvangur með fótboltavelli og sex upphituum hlaupabrautum. Í Fellabæ er upphitaður fótoltavöllur með gervigrasi, einnig eru þrír minni sparkvellar með gervigrasi í sveitarfélaginu. Góð aðstaða er fyrir hestamennsku, bæði utandyra sem og í reiðhöllinni á lðavöllum. Við Ekkjufell, rétt fyrir utan Fellabæ, er níu hólur golfvöllur sem rekin er af Golfklúbbi Fljótshálsdals. Fljótshálsdals- og Seyðisfjörður starfrækja í sameiningu skíðasvæðið í Stafdal en þar er góð aðstaða fyrir skíðamenn á öllum getustigum. Á Þurðarstöðum er skotæfingasvæði. Á Egilsstöðum er líkamsræktarstöð sem rekin er af sveitarfélaginu og CrossFit stöð sem er í einkaeigu. Fyrirhugað er að byggja við íþróttahúsið á Egilsstöðum, m.a. fyrir fimleika. Gert er ráð fyrir að sú aðstaða verði tekin í notkun árið 2020. Aðstaður fyrir göngur, hlaup og hjólræði eru framúrskarandi í fallegu umhverfi Fljótshálsdals. Fólk á öllum aldri ætti að finna eitthvað við sitt hæfi í íþróttum og hreyfingu sem hægt er að njóta allt árið um kring.

Mikið er um menningarviðburði í sveitarfélaginu, svo sem tónleika, listsýningar, hátíðir og leiklist, fyrir unga sem alda. Menningarmiðstöð Fljótshálsdals er rekin í fyrirverandi sláturhúsi á Egilsstöðum. Hlutverk hennar er að efla listir og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu. Menningarmiðstöð Fljótshálsdals leggur sérstaka áherslu á sviðslistir, en hýsir einnig sýningar, námskeið og listamenn sem dvelja tímabundið í sveitarfélaginu. Samkomusalir eru víða í sveitarfélaginu sem hýsa ýmsa menningarviðburði allt árið.

Félagsmiðstöðvar eru starfræktar fyrir aldraða, fólk með fötlun, unglinga og ungmenni, hver fyrir sig.



Mynd: Gunnar Gunnarsson

Löggæsla og almannavarnir

Austurland er eitt lögregluumdæmi með aðalskrifstofu á Eskifirði og lögreglustöðvar á Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði, Neskaupstað, Djúpvaggi og Vopnafirði. Sýslumaður hefur höfuðstöðvar á Seyðisfirði og útibú á Egilsstöðum, Eskifirði og Vopnafirði og Héraðsdómur Austurlands er staðsettur á Egilsstöðum. Fljótshálsdals- og Seyðisfjörður starfrækja í samstarfi við fimm önnur sveitarfélög, slökkvistöð er staðsett á Egilsstaðaflugvelli. Svæðisstjórnsstöð almannavarna er staðsett á Egilsstöðum, en hún þjónar svæðinu frá Fljótshálsdalsþéttunni, norður á Vopnaförð. Landsbjörg starfrækir björgunarsveitir um land allt, en þær eru meðal fyrstu viðbragðsaðila Almannavarna.

Opinberar stofnanir

Skógræktin hefur aðalskrifstofu á Egilsstöðum. Skógræktin er ríkisstofnun sem leiðir rannsóknastarf, þróun, ráðgjöf og fræðslu um skógrækt á Íslandi. Skógræktin hefur einnig umsjón með þjóðskógum Íslands, svo sem Hallormsstaðaskógi.

Vatnajökulspjóðgarður nær yfir 14.141 km² svæði og er meðal stærstu náttúruverndarsvæða Evrópu. Stjórn austursvæðis þjóðgarðsins er staðsett á Fljótshálsdalsþéttunni. Þjóðgarðurinn rekur upplýsingamiðstöð og sýningu í Snæfellsstofu í Fljótshálsdali, skrifstofu í Fellabæ og nokkra mannaða skála á hálendinu norðan Vatnajökuls á sumrin.

Náttúrustofa Austurlands er lykilstofnun fyrir fræðslu, náttúruvernd og umhverfisvernd á Austurlandi. Hún rekur tvær skrifstofur, eina í Neskaupstað og aðra á Egilsstöðum.

Austurbrú starfar í þágu einstaklinga, samfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veitir þjónustu á sviði viðskiptalífs, menntunar og menningar. Stofnunin vinnur að þróun efnahagslífs, samfélags, stjórnsýslu, háskóla og símenntunar, rannsókna, þekkingar og menningar á Austurlandi. Starfstöðvar Austurbrúar eru sex, sú stærsta á Egilsstöðum.

Opinberar stofnanir með útibú á Fljótshálsdalsþéttunni eru meðal annars RÚV, upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, Vinnumálastofnun, RARIK, Landsvirkjun, Ríkisskattstjóri, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Matvælastofnun.

Einkarekin þjónusta

Við byggingu álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði og Fljótssaldsstöðvar voru mörg fyrirtæki á Egilsstöðum endurskipulögð þannig að þau gætu þjónað stórum atvinnurekendum. Þetta hefur leitt til uppbyggingar þjónustuiðnaðar á svæðinu þar sem finna má þjónustuaðila á flestum sviðum. Flest af stærstu tryggingafélögum, endurskoðunarskrifstofum og bönkum Íslands hafa útibú á Egilsstöðum. Sama á við um fyrirtæki sem t.d. veita verkfræðiráðgjöf. Starfsmenn hafa einnig aðgang að sterkum stéttarfélögum sem geta leiðbeint þeim um réttindi sín. Verktakafyrirtæki í jarðvinnu- og byggingariðnaði á svæðinu geta sinnt verkefnum af öllum stærðum og verkstæði á staðnum geta þjónustað flestar gerðir bíla og véla.

Einnig starfa framleiðslufyrirtæki á Fljótssaldshéraði, svo sem innréttingaframleiðandi, skógarafurðastöð, ýmis matvælafyrirtæki, fyrirtæki á sviði grafískrar hönnunar, hugbúnaðarfyrirtæki og bókaforlag svo eitthvað sé nefnt.




Samkeppnishæfni



Samkeppnishæfni Íslands

Ísland er í 28. sæti af 137 hagkerfum á 2017-2018 Global Competitive lista World Economic Forum. Ísland fær háar einkunnir í þáttum eins og stöðstofnunum, innviðum, heilsu, grunn- og framhaldsmenntun, skilvirkni vinnumarkaðarins, tækniþróun og nýsköpun. Eini þátturinn þar sem Ísland er vel undir meðaltali Evrópu og Norður Ameríku er markaðsstærð, sem er eðlilegt í ljósi íbúafjölda á landinu.



Samkeppnishæfni Fljótsdalshéraðs

Fljótsdalshérað hefur á að skipa góðum stöðstofnunum og innviðum. Heilbrigðisþjónusta og menntun eru í háum gæðaflokki. Þjónustuveitendur og verktakar hafa reynslu af því að vinna með fyrirtækjum af öllum stærðum að stórum verkefnum sem smáum.

Árið 2013 voru Fljótsdalshérað og nágrannasveitarfélagið Fjarðabyggð metin í sameiningu sem staðsetning þjónustumiðstöðvar fyrir olíuleit í Norður-Íshafi, ásamt sex öðrum svæðum á Íslandi. Af þeim sjö svæðum sem metin voru, fengu Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð hæstu einkunn, 92 stig af 100. Svæðin sem enduðu í öðru og þriðja sæti fengu 83 og 57 stig. Helstu þættir sem lágu til grundavallar matinu voru hafnir, flugvællir, vegasamgöngur, iðnaðarsvæði, samfélag, þjónusta og hætta á náttúruhamförum.

Tækifæri á Fljótsdalshéraði



Matvælaframleiðsla

MIKIL SÓKNARFÆRI ERU Í MATVÆLA-FRAMLEIÐSLU á Fljótshéraði. Fjölbreytt hráefni eru framleidd í sveitarfélaginu í dag. Á svæðinu er meðal annars mikil sauðfjár- og nautgriparækt, hreindýra-, rjúpu- og gæsaveiði.

Mjólkurbúskapur er víða og á Egilsstöðum er mjólkurstöð sem framleiðir ost og kryddsmjör.

Bændur á svæðinu þróa í auknum mæli fullunnar matvörur frá sínum býlum. Gott dæmi um þetta er Vallanes þar sem fjölbreytt úrval af grænmeti, korni og fræjum er framleitt með lífrænni ræktun og fullunnið til sölu í verslunum um allt land.

Við Urriðavatn er uppspretta heits vatns sem notað er til kyndingar á Egilsstöðum og Fellabæ og fyrir gróðurhús. Heita vatnið frá Urriðavatn er einstakt, þar sem það er eina jarðhitavatnið á Íslandi sem er vottað til beinnar neyslu.

Gróðurhúsin í nágrenni Urriðavats eru meðal þeirra tæknilega fullkomnustu í Evrópu, sem er ástæða þessa að fyrirtækið Nordic Wasabi valdi staðsetninguna fyrir ræktun á Wasabi plöntum. Ræktun plöntunnar er vandasöm, jafnvel við kjöraðstæður en hún er ræktuð á mjög fáum stöðum utan Suðaustur-Asíu.



Sauðfé



Nordic Wasabi við Urriðavatn

Frá Vallanesi

GAGNLEGIR INNVIÐIR

- Gróðurhús
- Öflug dreifikerfi fyrir heitt og kalt vatn
- Góð tenging við raforkukerfi landsins
- Tenging við ljósleiðara
- Góðar samgöngur á vegum, lofti og sjó

UMHVERFISÞÆTTIR

- Mikið landrými
- Hljá sumur
- Ferskt loft og hreint vatn

HRÁEFNI

- Heitt vatn sem vottað er til neyslu
- Nægt kalt vatn
- Staðbundin framleiðsla á lamba- og nautakjöti og möguleikar á aðgengi að villibráð
- Mjólkurvörur
- Nýr fiskur frá nærliggjandi sveitarfélögum, villtur sem eldisfiskur
- Villtar jurtir, ber og sveppir

REYNSLA

- Landbúnaður
- Gróðurhúsaræktun
- Þjónusta við stórar atvinnugreinar
- Fiskveiðar og skotveiði
- Matvælavinnsla
- Markaðssetning
- Vöruþróun

Þjónustuiðnaður



Hús handanna, hönnunar- og handverksverslun

Mynd: María Hjalmsdóttir

EGILSSTAÐIR ERU Í DAG ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ AUSTURLANDS, og þjónar því mikið fleirum en íbúum Fljótsdalshéraðs. Lega bæjarins er miðsvæðis á Austurlandi við annasömu vegamót fjórðungsins. Þetta þýðir að flestir sem ferðast til og frá Austurlandi fara í gegnum Egilsstaði.

Árið 2018 var nýtt miðbæjarskipulag samþykkt fyrir Egilsstaði sem opnar fjölda tækifæra fyrir þjónustufyrirtæki. Skipulagið gerir ráð fyrir allt að 20.000 m² af nýbyggingum í miðbænum, flestum við nýja göngugötu sem liggur í gegnum miðbæinn.

Einnig er nægt rými fyrir stærri þjónustufyrirtæki á nokkrum stöðum á Egilsstöðum, Fellabæ og í dreifbýli Fljótsdalshéraðs sem þurfa meira rými.

Öll svæði sem eru ætluð fyrir þjónustu eru í nálægð við þjóðvegina með greiða aðkomu fyrir ökutæki af öllum stærðum.

Í dag er í miðbæ Egilsstaða úrval verslana, veitingastaða, banka, tryggingafélaga, verkfræði- og arkitektastofa, verktaka, verkstaða og fleira.



Frá miðbæ Egilsstaða

Mynd: Þórnállur Pálsson

GAGNLEGIR INNVIÐIR

- Miðbæjarskipulag með rými fyrir aukna þjónustu
- Miðlæg staðsetning við hringveginn
- Góð þjónusta fyrir vöruflutninga, á vegum, sjó og í lofti
- Framúrskarandi veitur
- Bankar, tryggingafélög og skrifstofuþjónusta
- Svæðið er í dag virkur þjónustukjarni

UMHVERFISÞÆTTIR

- Mikið landrými
- Hlý sumur
- Ferskt loft og hreint vatn

KOSTIR

- Viðskiptavinir frá öllu Austurlandi
- Lífleg og vaxandi ferðaþjónusta
- Sterk fyrirtæki með vaxandi þjónustupör

REYNSLA

- Ýmis þjónusta við litlar og stórar atvinnugreinar
- Banka- og fjármálaþjónusta
- Ráðgjöf
- Framkvæmdir

Ferðapjónusta

AUSTURLAND ER LIFANDI ÁFANGASTAÐUR og allir sem eiga erindi á svæðið ættu að finna eitthvað við sitt hæfi hvort sem það er útivist, hátíðir eða ferskur matur úr nágrenninu allt árið um kring.

Egilsstaðir eru miðsvæðis og fullkomin miðstöð fyrir þá sem vilja ferðast um Austurland. Flugvöllurinn á Egilsstöðum býður upp á einstakt tækifæri til að koma ferðamönnum beint til þeirra perla Íslands sem ekki eru eins fjölsóttar í dag.

Austurland er anddyri Íslands fyrir þá ferðamenn sem koma með ferjunni

Norrænu og einnig margra þeirra fjölmörgu skemmtiferðaskipa sem koma til Íslands á hverju ári.

Á Austurlandi er Vatnajökulspjóðgarður, fagrir firðir, hið fallega umhverfi Lagarfljóts og hinn heimsfrægi Lagarfljósormur. Austurland er einnig ríkt af menningu, metnaðarfullum söfnum, fjölmörgum hátíðum og spennandi matseld. Austurland er frábær staður til útivistar, svo sem hjóltreida, hestaferða, kajakróðra, skíðaiðkunar, gönguferða, sundferða og margs fleira.



Mynd: Steinún Ótta Stefánsdóttir



Mynd: Josh Wood

GAGNLEGIR INNVIÐIR

- Millilandaflugvöllur
- Eina alþjóðlega ferjuhöfn Íslands
- Mikill fjöldi hótela og gistiheimila
- Fjöldi bílaleiga
- Gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs
- Mikið úrval veitingastaða og verslana

UMHVERFISÞÆTTIR

- Einstök náttúra
- Hlý sumur
- Óbyggðir
- Skógar
- Stöðuvötn
- Firðir
- Jöklar

KOSTIR

- Vaxandi ferðapjónusta
- Staðbundin matvælaframleiðsla
- Endurnýjanleg raforka

REYNSLA

- Hótel- og veitingastaðarekstur
- Áætlanagerð fyrir tónlistar- og menningarhátíðir
- Leiðsögn
- Fjármálaþjónusta
- Áætlun fyrir áfangastaðinn Austurland



Mynd: Steinún Ótta Stefánsdóttir



Mynd: Jon Steinar G. Myrnes

lðnaður

Í DAG STARFA ÝMIS FYRIRTÆKI Á EGILSSTÖÐUM, sem framleiða vörur allt frá innréttingum til steinsteyptra eininga, grafík, trjáplöntur, hugbúnað og fleira.

Egilsstaðir bjóða upp á frábært umhverfi fyrir flestar atvinnugreinar, framúrskarandi stoðþjónustu, gott flutningskerfi og góðar veitur. Margar staðbundnar auðlindir má nýta fyrir nýjar atvinnugreinar. Dæmi eru viður úr skógum á Fljótsdalshéraði, ál frá álverinu í Reyðarfirði, leður frá landbúnaði, fisk- og skotveiði og kalt og heitt vatn, vottað til neyslu.

Á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs er gert ráð fyrir stórum iðnaðarlóðum á Egilsstöðum

og Fellabæ og mörg tækifæri eru einnig til iðnaðaruppbyggingar í dreifbýli sveitarfélagsins.

Mikið er um hæft og reynslumikið starfsfólk í margs konar framleiðslu, byggingarstarfsemi og iðnaðarþjónustu.

Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð voru í sameiningu valin sem heppilegasti staðurinn á Íslandi til að þjónusta olíuleit í Norður-Íshafi vegna flugvallarins, iðnaðarhafna, þjónustuiðnaðar, lítillar hættu á náttúruhamförum og góðra lífskjara.



Kárahnjúkastífla



Skógrækt

Mynd: Jón Steinar G. Mýrdal



Hitaveitudællur

Mynd: Jón Steinar G. Mýrdal

GAGNLEGIR INNVIÐIR

- Millilandaflugvöllur
- Eina alþjóðlega ferjuhöfn Íslands
- Öflug dreifikerfi fyrir heitt og kalt vatn
- Góð tenging við raforkukerfið
- Öflug internettenging til annarra landa
- Góðar samgöngur á vegum, lofti og sjó

UMHVERFISÞÆTTIR

- Milt loftslag
- Mikið landrými
- Mikið af köldu og heitu vatni

AUÐINDIR

- Tæknilega fær vinnumarkaður
- Tímur og aðrar viðarafurður
- Ál
- Leður

REYNSLA

- Framleiðsla úr timbri og málmum
- Hugbúnaðarþróun
- Framleiðsla trjáplanta
- Framkvæmdir
- Ráðgjöf
- Fjármálaþjónusta



FAR FROM ORDINARY.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ



AUSTURLAND

WWW.FLJOTSDALSHERAD.IS
WWW.AUSTURLAND.IS